



Alþingi - Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. maí 2015

Málsnúmer: 2015050073
Skjalalykill: 15.0

Málefni: Umsögn um frumvarp til breytinga á upplýsingalögum

Póst- og fjarskiptastofnun hefur verið gefinn kostur á því að veita umsögn um frumvarp til breytinga á upplýsingalögum nr. 140/2012, sbr. þingskjal 322 — 272. mál.

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er megintilgangur fyrirhugaðra lagabreytinga að tryggja aðgang almennings, fjölmiðla, fræðimanna og félagasamtaka að upplýsingum um hvernig opinberir aðilar, jafnt á vegum ríkis og sveitarfélaga, verja sameiginlegum fjármunum. Að álitum frumvarpshöfunda er slíkur aukinn aðgangur að upplýsingum til þess falinn að auka aðhald í rekstri hins opinber og þar með tryggja betur að hið opinbera verji fjármunum af skynsemi og ráðdeild.

Í framangreindum tilgangi hefur frumvarpið að geyma ákvæði um upplýsingar um kaup á vörum og þjónustu, en það gerir ráð fyrir að mánaðarlega skuli birta opinberlega reikninga fyrir kaup á vörum og þjónustu sem fer umfram 150.000 kr.

Póst- og fjarskiptastofnun er fylgjandi markmiðum um aukið gagnsæi í opinberum rekstri, en telur að huga verði að útfærslunni með tilliti til framkvæmdarlegra atriða. Í þessu skyni tilgreinir stofnunin í stuttu máli nokkur atriði sem huga þarf að:

- Í frumvarpinu kemur fram að upplýsingar skuli liggja fyrir 10. dag næsta mánaðar. Þess er að geta að mörg fyrirtæki senda reikninga tímabils að tímabili liðnu. Ef vanda skal yfirferð og samþykkt reikninga tekur einhverja daga að koma samþykktum reikningum til bókara í fjársýslu ríkisins. Styttri tíma tekur þó að afgreiða rafræna reikninga en þó ekki svo að tryggt verði að bókun sé lokið á þeim tíma sem rætt er um í frumvarpinu. Reynsla af bókunarferli fjársýslu ríkisins er sú að bókun reikninga er lokið u.þ.b. 20. dag næsta mánaðar eftir að tímabili lýkur.
- Í frumvarpinu er rætt um að fram komi kaupfjárhæð, ásamt lýsingu á keyptri vöru og þjónustu. Það vinnulag sem nú er viðhaft við bókun nægir ekki til þess að uppfylla þessi skilyrði. Lýsing á keyptri vöru kemur ekki fram með fullnægjandi hætti. Ef birta á þessar upplýsingar útheimtir það mikla viðbótarvinnu við hvern reikning og hefur þannig í för með sér aukinn kostnað innan stjórnsýslunnar. Hugsanlega væri haganlegra að reikningar væru birtir samkvæmt fyrirframgefnum flokkun á vörum og þjónustu, t.d. samkvæmt forskrift frá fjársýslu ríkisins.
- Bent skal á að lýsing á vöru og verð segir ekki alla söguna. Magn vöru og þjónustu sem keypt er hverju sinni skiptir verulegu máli. Heildarfjárhæð er ekki endilega lýsandi.

- Upplýsingar um keypta vöru og þjónustu gætu varðað persónuvernd og friðhelgi einkalífs, t.a.m. ef greitt er fyrir þjónustu sálfræðinga eða annarra sérfræðinga vegna ákveðinna starfsmanna. Að áliti Póst- og fjarskiptastofnunar er því ekki nóg að vísa til takmörkunar á upplýsingarétti samkvæmt 10. gr. upplýsinga, heldur verður jafnframt að virða takmarkanir vegna réttmæts trúnaðar um einkahagsmuni, sbr. 9. gr. upplýsingalaga. Eins og ákvæðið er útfært í frumvarpinu, þ.e. með því að vísa ekki til 9. gr. laganna, ryður það úr vegi trúnaði um upplýsingar um einkahagsmuni.

Virðingarfyllst,


Björn Geirsson